



Nefndasvið Alþingis,
b.t. velferðarnefndar
Smíðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2024

Sent á umsagnargátt Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samstarfs og eftirlits á vinnumarkaði, 909. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts velferðarnefndar Alþingis frá 16. apríl þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál. Frumvarpinu er meðal annars ætlað að styrkja samvinnu stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins við að sporna gegn brotastarfsemi á innlendum vinnumarkaði en jafnframt er því ætlað að styrkja eftirlit og samstarf þeirra aðila sem fara með opinbert eftirlit á vinnumarkaði.

Samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði

Í 1. gr. frumvarpsins, a-lið, er kveðið á um skipun samstarfsnefndar um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Samtökin gera ekki athugasemdir við skipun slíkrar nefndar en rétt er að benda á að engin dæmi eru um aðgerðir vegna brotastarfsemi á vinnumarkaði sem snúið hafa að opinberum launagreiðendum. Þess vegna skýtur skökku við að stéttarfélag opinberra starfsmanna eigi tvo fulltrúa í nefndinni líkt og lagt er til í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Í fyrri drögum frumvarpsins var gert ráð fyrir að BHM og BSRB hefðu einn sameiginlegan fulltrúa í samráðsnefnd. Ef það yrði raunin væru jafnmargir fulltrúar launagreiðenda og launafólks í nefndinni og telja samtökin það eðlilegra.

Óinnheimtar dagsektir

Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í ákvæðinu segir að óinnheimtar dagsektir falli ekki niður eftir síðasta sektardag nema Vinnueftirlit ríkisins ákveði slíkt sérstaklega. Samtökin telja rétt að önnur leið sé farin, áþekk þeirri sem kveðið er á um í reglugerð félags- og vinnumarkaðsráðherra nr. 377/2023. Í 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar segir að áfallnar, óinnheimtar dagsektir falli niður þegar Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála telur stjórnvald hafa gert fullnægjandi úrbætur á þjónustu þess. Ef fyrirtæki er að vinna að úrbótum á eðlilegum hraða þá ætti niðurfelling dagsekta að vera meginreglan en ekki háð ákvörðun Vinnueftirlitsins. Sömu röksemdir eiga við um 12. gr., 15. gr. og b-lið 16. gr. frumvarpsins.

Stjórnvaldssektir

Í 8. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og mengunarvarnir með nýrri grein, 99. gr. a., sem kveður á um heimild Vinnueftirlitsins til að



leggja stjórnvaldssekt á atvinnurekanda og eftir atvikum verkkaupa eða fulltrúa verkkaupa og framleiðanda, innflutningsaðila og dreifingaraðila varnings. Nánar eru svo talin upp tilvik sem varðað geta stjórnvaldssektum í stafliðum a-l. SA telja það ekki samræmast hlutverki og skyldum Vinnueftirlitsins um að leiðbeina og fræða, sbr. 75. gr. laga nr. 46/1980, ef atvinnurekendur sem leita til Vinnueftirlitsins um upplýsingar eða vegna álitamála um starfsemina, geti átt á hættu að vera beittir stjórnvaldssektum. Það er varhugavert að eftirlitsstjórnvald sem jafnframt hefur leiðbeiningaskyldu hafi slíkar sektarheimildir. Þannig gengur það gegn tilgangi laganna ef Vinnueftirlitið getur beitt stjórnvaldssektum á grundvelli upplýsinga sem atvinnurekendur leggja stofnuninni í té í góðri trú til að fá leiðbeiningar um framkvæmd laganna.

Þá er ekki rökstutt í greinargerð hvernig refsiaðkvæði og dagsektir þjóna ekki markmiðum laganna nægilega þannig að jafnframt sé þörf á lögfestingu stjórnvaldssektaákvæðis. Samkvæmt grunnreglunni um meðalhóf verður að sýna fram á að markmiðum laganna verði ekki náð fram með þeim þvingunarúrræðum sem eru þegar fyrir hendi og að nauðsynlegt sé að lögfesta jafnframt verulega íþyngjandi ákvæði um stjórnvaldssektir. Það er ekki gert í frumvarpinu og telja SA jafnframt að slík rök séu ekki fyrir hendi.

Samtökin leggja áherslu á að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til framangreindra athugasemda áður en það verður samþykkt sem lög frá Alþingi. Samtökin eru reiðubúin nú sem endranær að vera í samstarfi við ráðuneytið við þá vinnu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir